

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Laxatungu 62-68, Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur þann 12. mars 2014 í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 samþykkt tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Leirvogstungu varðandi lóðirnar Laxatungu 62-68. Tillagan var grenndarkynnt 29. janúar til 27. febrúar 2014 og bárust ekki athugasemdir.

Í breytingunni felst að raðhús á lóðunum nr. 62-68 við Laxatungu verði einnar hæðar í stað tveggja, og lóðirnar stækki til austurs og suðurs á kostnað stíga, sem verði felldir út.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Mosfellsbæjar, 21. mars 2014,*

**Finnur Birgisson** skipulagsfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 24. mars 2014